

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1970.

Nr. 130/1969. **Erlendur Guðmundsson**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Friðriki Kristjánssyni og gagnsök

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. júní 1969. Var stefnan birt 10. september 1969. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. september 1969. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 68.410.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst umferðarslysi því, sem mál þetta er af risið, og sakargögn skilmerkilega rakin. Samkvæmt uppdrætti Fróða Einarssonar lögreglumanns er „leið R 14831“ sýnd sem næst miðjum vegi að árekstrarstaðnum. Þessari staðsetningu bifreiðarinnar rétt fyrir áreksturinn hefur ekki verið hnekkkt. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir bera að staðfesta úrlausn hans um sakarskiptingu. Einnig þykir rétt að fallast á ákvæði hins áfrýjaða dóms um 2., 3., 5. og 6. kröfu-

lið gagnáfrýjanda. Tjón samkvæmt 1. kröfulið telst hæfilega metið kr. 70.500.00. Eiginkona gagnáfrýjanda hefur framselt honum bótarétt samkvæmt 5. kröfulið. Þykir hæfilegt að taka þann kröfulið til greina með kr. 10.000.00. Samtals eru þessar fjárhæðir kr. 89.310.00 (70.500.00 + 1.610.00 + 4.200.00 + 10.000.00 + 3.000.00). Ber aðaláfrýjanda að greiða $\frac{2}{3}$ hluta þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 59.540.00, að fráðregnum kr. 35.500.00, sem váttryggingafélag það, sem hafði bifreið hans í lögboðinni ábyrgðartryggingu, hafði greitt gagnáfrýjanda upp í kröfuna, áður en til málssóknar kom.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 24.040.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1964 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Erlendur Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki Kristjánssyni, kr. 24.040.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1964 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. október 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Friðrik Kristjánsson, Nesvegi 9, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. júní 1965 og birtri sama dag, gegn Erlendi Guðmundssyni, Karfavogi 60, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 68.410.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Til vara er af hálfu stefnda gerð sú krafa, að hann verði aðeins

dæmdur til að bera lítinn hluta sakarinnar að mati dómsins og að málskostnaður verði felldur niður.

Ábyrgð h/f, tryggingafélagi bindindismanna, Skúlagötu 63, Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hann hefur og eigi heldur neinar kröfur gert.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að miðvikudaginn 15. júlí 1964 hafi orðið árekstur milli bifreiðanna R 14831, Volga bifreiðar, eign stefnda, og bifreiðarinnar R 15513, Landrover bifreiðar, eign stefnanda, á Þjóðveginum í Hvalfirði á móts við Kalastaði. Hafi bifreiðin R 14831 verið á norðurleið, en bifreiðin R 15513 á suðurleið. Ekall bifreiðarinnar R 15513 hafi verið Auður Sigurðardóttir, eiginkona stefnanda, en stefnandi hafi einnig verið í bifreiðinni ásamt tveimur sonum þeirra. Rétt hjá, þar sem áreksturinn hafi orðið, hafi verið ræsi í veginum og hafi bifreiðin R 15513 verið nýkomin yfir ræsið, er óhappið vildi til.

Ekall bifreiðarinnar R 15513 kveðst hafa komið auga á bifreiðina R 14831, er bifreiðin R 15513 kom að útskoti á veginum rétt hjá ræsinu. Hafi bifreiðin þá verið alllangt í burtu, en sér hafi virzt henni verið ekið mjög greitt. Við enda útskotsins hafi ræsið verið í veginum, en þar sem hin bifreiðin hafi verið alllangt frá og bæði ræsið og vegurinn handan þess nægilega breiður til að mæta bifreið, kveðst ekall bifreiðarinnar R 15513 hafa haldið hikaust áfram. Strax og ekall nefndrar bifreiðar sá bifreiðina R 14831, kveðst hún hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar og ekið í þriðja hraðastigi og hafi ökuhraðinn þá verið undir 40 km. En um leið og hún hafi ekið yfir ræsið, hafi hún enn hægt á ferðinni og ekið alveg yfir á vinstri vegarbrún og talið víst, að ökumaður hinnar bifreiðarinnar mundi einnig víkja út á sinn vegarhelming. En í þess stað hafi bifreið hans snúizt á veginum, er hún hafi verið rétt komin að bifreið stefnda, og hafi þá orðið harður árekstur á milli þeirra, þannig að bifreið stefnanda hafi kastast aftur á bak, farið út af veginum og lent þar á hliðinni.

Við höggið kveður Auður Sigurðardóttir þau stefnanda hafa kastast fram á framrúðu bifreiðar sinnar. Hafi hún hlotið skurð á nefið og fleiður á enni, en stefnandi skrámazt á enni og marizt á hægri handlegg. Sjálf hafi bifreiðin skemmzt það stórlega, að ekki hafi þótt ráðlegt að gera við hana, og hafi hún því verið seld í því ástandi, er hún hafi verið í eftir áreksturinn, fyrir kr. 84.500.00.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfuna þannig:

1. Verðmæti nýrrar sams konar bif-	
reiðar	kr. 180.000.00
÷ 10%	— 18.000.00
÷ söluverð flaksins	— 84.500.00
÷ greiðsla Ábyrgðar h/f	— 35.500.00
	kr. 42.000.00
2. Reikningur frá Vöku vegna dráttar á flakinu	— 1.610.00
3. Afnotamissir af bifreiðinni í 35 daga, á kr. 120.00	
pr. dag	— 4.200.00
4. Þjáningar og lýti eiginkonu stefnanda	— 15.000.00
5. Þjáningar og lýti stefnanda	— 5.000.00
6. Áverkavottorð stefnanda og eiginkonu hans,	
samkvæmt reikningi	— 600.00
	Samtals kr. 68.410.00

Stefnandi telur ökumann bifreiðarinnar R 14831 eiga alla sök á árekstrinum, bæði vegna of mikils ökuhraða og einnig vegna þess, að hann hafi ekki vikið nægilega yfir á vinstri vegarhelming, áður en áreksturinn vildi til, en á þessum mistökum beri stefndi fóbótaábyrgð.

Stefnandinn í máli þessu, Friðrik Kristjánsson, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi verið eigandi Landrover bifreiðarinnar R 15531 og verið farþegi í greindri bifreið í umrætt sinn, er áreksturinn varð, og setið í hægra framsæti bifreiðarinnar. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið til Reykjavíkur, þegar áreksturinn varð. Hafi hann fyrst tekið eftir Volga bifreiðinni, er hann hafi komið í hallann austan Kalastaða. Kveður stefnandi Landrover bifreiðinni hafa verið skipt niður í þriðja ganghraðastig, rétt áður en hún kom að útskoti vestan ræsis þess, sem í málinu greinir. Bendir stefnandi á í þessu sambandi, að Landrover bifreiðin sé með dieselhreyfli og sé hraðahámark á nýrri bifreið sem þessari í þriðja ganghraðastigi því um 40 km pr. klst. Hafi því bifreiðin alls ekki verið á meiri hraða en því nemur, er hún kom á móts við útskot það, sem sé rétt vestan við ræsið, og hafi hraðinn verið enn minni, er áreksturinn varð, eða ca. 15 km pr. klst. Lýsir stefnandi aðstæðum þannig, að útskot það, sem er fyrir vestan ræsið, sé nær ræsinu heldur en það, sem er fyrir austan. Kveður stefnandi, að bifreiðarnar muni hafa verið á sama tíma á móts við útskotin sitt hvorum megin við ræsið, en þar sem hraði Volga bifreiðarinnar hafi verið meiri,

hafi áreksturinn orðið rétt austan við ræsið. Nánar segir stefnandi, að Volga bifreiðin hafi verið um það bil á miðjum veginum, er áreksturinn var. Kveður hann, að breiddin á veginum hafi verið fyllilega nægileg á árekstrarstað, hafi Landrover bifreiðin haldið sig yzt á vinstra vegarhelmingi á árekstraraugnablikinu.

Segir stefnandi, að í þann mund, er áreksturinn varð, hafi Volga bifreiðin snúizt á veginum og myndað ca. 45—60° horn miðað við beina akstursstefnu. Telur stefnandi án tvímæla, að Volga bifreiðin hafi snúizt þannig, þegar henni var hemlað. Stefnandi kveður uppdrátt af vettvangi ekki nákvæman. Kveður hann enga hvílt hafa verið í veginum við ræsið á sínum vegarhelmingi (sbr. dskj. nr. 4). Hins vegar hafi verið hvílt í veginum við ræsið í vegarhelmingi Volga bifreiðarinnar (sbr. einnig ljósmynd á dskj. nr. 4). Telur stefnandi það sitt álit, að bifreiðarstjóri Volga bifreiðarinnar hafi ekki tekið eftir ræsinu, en byrjað að hemla, er hann sá hvíltina. Aðspurður kveður stefnandi það einnig vera galla á uppdrættinum, að ekki skuli vera sýnd hemlafor R 14831. Loks heldur stefnandi því fram, að afturhorn R 14831 sé ranglega teiknað út af vegjaðrinum, en það sé eigi nema því næst vegjaðrinum. Stefnandi upplýsir, að þá tvo mánuði, sem kona hans hafi haft ökuréttindi, hafi hún ekið bifreið alltaf af og til, er hún hafi haft tækifæri til.

Eiginkona stefnanda, Auður Sigurðardóttir, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni (sbr. dskj. nr. 3). Kveður hún þar rétt frá skýrt að öllu leyti, en í lögregluskýrslunni skýrir hún svo frá, að í umrætt skipti hafi hún verið á leið til Reykjavíkur og verið komin á móts við Kalastaði á Hvalfjarðarströnd. Með henni í bifreiðinni hafi verið eiginmaður hennar, Friðrik Kristjánsson, sem setið hafi í framseti bifreiðarinnar við hlið hennar, og synir þeirra tveir, Logi, tveggja ára, sem faðir hans hélt á, og Ívar, 5 ára gamall, sem setið hafi á bekk vinstra megin aftur í bifreiðinni. Þegar hún hafi komið að útskotinu, sem sýnt er á uppdrættinum, hafi hún séð til bifreiðar, sem komið hafi á móti sér, en verið alllangt í burtu. Kveður hún sér hafa virzt henni ekið mjög greitt. Við enda útskotsins kveður hún hafa verið ræsi, en þar sem áður nefnd bifreið hafi enn verið alllangt frá og bæði ræsið og vegurinn handan þess nægilega breiður til þess að mæta bifreið að sínu álit, kveðst hún hafa haldið hiklaust áfram. Hún kveðst, strax og hún sá til bifreiðar þessarar, hafa dregið úr hraða bif-

reiðar sinnar og ekið í þriðja hraðastigi og hafi ökuhraðinn verið undir 40 km miðað við klst. Um leið og hún ók yfir ræsið, kveðst hún hafa hægt enn ferðina og vikið alveg út á vinstri vegarbrún og talið víst, að ökumaður hinnar bifreiðarinnar mundi einnig víkja út á sinn vegarhelming. En í þess stað hafi bifreið hans snúizt á veginum, er hún var rétt komin að bifreið hennar, og hafi þá orðið harður árekstur milli þeirra, eða svo, að bifreið hennar kastaðist aftur á bak og út af veginum og hafi farið þar á hliðina. Við höggið frá hinni bifreiðinni kveður hún þau hafa kastast á framrúðu bifreiðarinnar og hlotið skurð á nefið og fleiður á enni, en Friðrik, eiginmaður hennar, hafi skrámazt á enni og marizt á hægri handlegg. Drengirnir hafi ekki hlotið teljandi áverka. Hún kveður þau hafa klifrað út úr bifreiðinni ásamt drengjunum. Ökumaður hinnar bifreiðarinnar hafi þá verið kominn út úr og staðið á veginum hjá henni. Maður frá Kalastöðum hafi komið á vettvang rétt eftir áreksturinn og boðizt til að hringja eftir sjúkrabifreið og lögreglu. Hafi hann verið á leið heim að bænum aftur, er heimafólk kom á móti honum, og þá hafi verið búið að hringja og tilkynna slysið. Fólksbifreið hafi komið þarna fyrst á slysstaðinn og hafi ökumaður hennar haft orð á því, að bifreið sú, sem hún lenti þarna í árekstri við, hefði þá skömmu áður farið fram úr sér á mikilli ferð. Vegna þess, sem á undan var gengið, kveðst hún ekki hafa gætt þess að setja á sig númer bifreiðar hans, enda talið víst, að lögreglumennirnir mundu taka skýrslu af honum, þar sem hann hafi ekki verið farinn, þegar þeir komu. Hún tekur fram, að grænt lakk úr R 14831 hafi legið á götunni um það bil einn og hálfan metra austan við hana og glerbrot á tvístringi eitthvað austan við það. Lögregluþjónarnir hafi kynnt sér þessi ummerki, en einhverra hluta vegna hafi þeir ekki getið þeirra í skýrslu sinni né sýnt þau á uppdrættinum. Hún kveður lögregluþjónana fyrst hafa vakið athygli sína á lakkinu og glerbrotunum og hafi þeir talið árekstrarstaðinn vera þar. Hafi þeir sagzt þurfa að athuga þessi verksummerki nánar, en niðurstöðu þeirra athugana sé ekki getið í skýrslu þeirra.

Er eiginkona stefnanda, Auður Sigurðardóttir, kom fyrir dóm, kvaðst hún hafa það út á uppdráttinn af vettvangi að setja, að nánast hefði engin hvílt verið á veginum sín megin við ræsið. Hins vegar hafi verið miklu meiri hvílt á hinum vegarhelmingnum. Þá telur hún, að afturhorn bifreiðarinnar R 14831 sé

ranglega teiknað út af vegjaðrinum, en eigi því sem næst að nema við hann. Hún kveðst telja útilokað, að bifreiðin R 14831 hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð.

Hjördís Alda Hjartardóttir, eiginkona ökumanns bifreiðarinnar R 14831, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hún hafi setið í hægra framsæti nefndrar bifreiðar, er áreksturinn var. Lýsir hún atburðarásinni þannig, að hún hafi setið skáhallt í framsætinu og haldið á litlum dreng. Hafi hún tekið eftir Landrover bifreiðinni, er R 14831 var á hæðinni austan Kalastaða, en síðan hafi hún verið að huga að drengnum og ekki veitt Landrover bifreiðinni meiri athygli eftir þetta. Kveðst hún hafa misst meðvitund við áreksturinn og kveður sig ekki geta borið um nein málsatvik af þeim sökum, enda hafi hún ekki komizt til fullrar meðvitundar, fyrr en hún hafi verið flutt til Akraness.

Ökumaður R 14831, Guðmundur Guðbrandsson, skýrir svo frá í lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, að hann telji uppdrátt af vettvangi og lögregluskýrsluna í meginatriðum rétta, en telur bifreið sína staðsetta of fjarri ræsi, sem merkt er C á uppdrættinum, og snúa of þvert á veginum. Nánar skýrir hann svo frá í lögregluskýrslunni, að hann hafi verið á leið norður í umrætt skipti og hafi verið kominn rétt fram hjá bænum Kalastöðum á Hvalfjarðarströnd, er hann sá til ferða Landrover bifreiðar, sem kom á móti honum. Vegurinn var þarna fullþröngur, segir hann, til þess að bifreiðar gætu mætt nema með sérstakri varúð, en þar sem Landrover bifreiðin hafi verið stödd, hafi verið útskot á veginum og meira en nægjanlegt rými til að mætast. Þar sem útskotinu hafi sleppt, hafi verið ræsi á veginum, nokkru mjórri en vegurinn sjálfur. Kveður hann sér ekki hafa komið annað til hugar en að ökumaður Landrover bifreiðarinnar mundi bíða, þar sem þægilegast var að mætast, og hafi hann því haldið óhikað áfram, en þó á frekar hægri ferð, eða á að gizka á 30—40 km hraða miðað við klst. En hann kveður ökumann Landrover bifreiðarinnar ekkert hafa skeytt um útskotið, heldur haldið áfram ferðinni hiklaust án þess að draga nokkuð úr ferð. Kveðst hann þá hafa séð fram á árekstur milli bifreiðanna og stigið því með fullu átaki á hemla, og telur hann, að bifreið sín hafi verið stöðvuð, áður en Landrover bifreiðin skall framan á hana. Við höggið kveður hann bifreið sína hafa snúizt á veginum, en hin bifreiðin hafi farið út af honum og oltið á hliðina. Við hlið sér í framsæti bifreiðarinnar kveður hann eiginkonu sína, Hjördísi Öldu Hjartardóttur, hafa setið með tveggja ára son þeirra í

fanginu. Við áreksturinn hafi hún kastast fyrst fram, en síðan að sætisbakinu, og hafi bæði hún og drengurinn hlotið áverka. Hún hafi skorizt á fæti svo að sauma hafi þurft sárið saman, einnig á enni talsverðan skurð og fengið auk þess heilahristing. Drengurinn hafi fengið tvo skurði á höfuðið, sem sauma hafi þurft saman. Aðra farþega í bifreiðinni kveður Guðmundur hafa verið Sigurrós Hansdóttur, tengdamóður sína, er setið hafi hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar, Sigurrós Erlingsdóttur, stjúpdóttur sína, átta ára gamla, sem setið hafi í miðju aftursæti, og Hrein Hjartarson, bróður konu sinnar, sem setið hafi vinstra megin. Hann kveður Sigurrós Hansdóttur hafa kastast á bak framsætisins og meiðzt á brjósti, en meiðsli hennar séu enn ekki fullrannsökuð. Guðmundur kveður Sigurrós Erlingsdóttur hafa sloppið ómeidda og Hrein hafa marizt á fótum og handlegg. Guðmundur kveður vinstri fót sinn vera stífan (staurfót), og hafi því sársaukinn undan högginu verið mestur í mjöðm og hné og hafi komið marblettir út um hnéð tveim til þrem dögum eftir slys þetta. Enn fremur kveðst Guðmundur hafa marizt og hrufllazt á hægra fæti um hné og hlotið áverka á vinstri kjálka og þar sé enn bólguhnútur. Þegar hann hafi komið út úr bifreiðinni og gengið fram fyrir hana, hálfutan við sig og miður sín eftir áreksturinn, hafi hann séð hvar maður og kona og tvö börn klöngruðust upp úr Landrover bifreiðinni, sem lá á hliðinni. Hafi konan verið mjög æst og talið sig, þ. e. Guðmund, eiga alla sök á slysi þessu og haft á orði, að hann mundi vera drukkinn. Hafi hún ítrekað það við lögregluþjónana, sem hafi komið á staðinn. En Guðmundur kveður ástand sitt hafa verið þannig, að hann hafi fallið í yfirlið skömmu eftir áreksturinn og þurft aðstoð lögreglumanna til að komast inn í bifreið þeirra, svo kvalinn hafi hann verið í fótum, enda legið rúmfastur síðan. Guðmundur kveður konu sína hafa legið í sex daga á Sjúkrahúsi Akraness, en þá fengið að fara heim, en hafi verið við rúmið síðan. Tengdamóður sína kveður hann enn, 24. júlí, vera illa haldna eftir meiðsli sín. Hann tekur fram, að bak framsætis bifreiðarinnar hafi brotnað frá sætinu hægra megin við áreksturinn og skolið á brjósti tengdamóður sinnar og hafi meiðsli hennar orðið því meiri en hinna, sem í aftursæti voru. Framangreinda lögregluskýrslu hefur Guðmundur staðfest fyrir dómi. Kveður hann þar rétt frá skýrt að öllu leyti, en skýrir nánar svo frá, að hraði bifreiðarinnar hafi ekki verið meiri en 30—40 km pr. klst., er áreksturinn varð. Hann kveðst hafa ekið innan við

miðlínu vegarins (þ. e. nær vinstra kanti miðað við akursstefnu hans). Er hann hafi séð bifreiðina R 15513 fara yfir ræsið, hafi hann sveigt enn meira til vinstri og því verið enn nær vinstri vegarhelmingi, er áreksturinn varð. Hann kveðst ekki geta gert sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar R 15513 og ekki geta sagt um það nákvæmlega, hvenær hann tók fyrst eftir ræsinu. Hins vegar hafi hann tekið eftir útskotinu á vegarhelmingi R 15513 fyrr, enda sé útskotið merkt. Ökumaður R 14831 kveðst hafa hemlað, er hann sá, að R 15513 fór yfir ræsið, en upplýsir, að hemlarnir hafi verkað eðlilega að öllu leyti, enda hafi bifreiðin verið skoðuð tveimur dögum áður. Ökumaður R 14831 kveðst vera með staurfót á vinstra fæti, en hann hafi ekið í mörg ár, og valdi það ekki teljandi óþægindum við akstur. Ökumaðurinn kveðst ekki hafa þurft að undirgangast neitt sérstakt próf vegna fótarsins í sambandi við ökuréttindi sín. Hann kveðst nánar aðspurður ekki hafa tekið eftir því, að dregið hafi verið úr hraða R 15513 fyrir áreksturinn. Hann kveðst aðspurður hafa haft staurfót frá tveggja ára aldri og kveður bifreiðina R 14831 á engan hátt sérstaklega útbúna fyrir hann. Aðspurður, hvort ökuréttindi hans séu bundin við það, að hann aki bifreið með sérstökum útbúnaði vegna fótarsins, svarar ökumaðurinn því, að krafa hafi aldrei komið fram um neitt slíkt.

Vitnið Sigurrós Hansdóttir skýrir svo frá, að hún hafi í umrætt skipti verið farþegi í bifreið tengdasonar síns, Guðmundar Guðbrandssonar, og hafi þau verið á leið frá Reykjavík norður í Húnavatnssýslu. Hún kveðst hafa setið í aftursæti hægra megin og er þau hafi nálgast bæinn Kalastaði á Hvalfjarðarströnd, rétt áður en áreksturinn varð, hafi hún verið að tala við barn Guðmundar, sem var í framsæti hjá móður sinni. Þegar hún hafi litið upp og fram á veginn, hafi hún séð Landrover bifreið koma á móti þeim á mjög hraðri ferð, að henni hafi virzt, og hafi henni verið ekið sem næst miðjum vegi. Augnabliki síðar hafi höggið komið. Bak framsætisins hafi gengið aftur og skollið á brjósti sér. Bifreiðin hafi snúizt inn á veginn að framan og stöðvazt. Við hlið sér í aftursætinu hafi setið Sigurrós Erlingsdóttir, átta ára telpa, og Hreinn sonur sinn. Hún kveður þau bæði, þ. e. Sigurrós og Hrein, hafa farið út um vinstri hurðina og hafi hún ætlað að gera það líka, þar sem verra hafi verið útgöngu hægra megin vegna sætisbaksins. En hún kveðst hafa orðið að snúa við og fara út um hægri hurðina, þar sem bifreiðin stóð svo tæpt á vegarbrúninni, að hún hafi ekki talið sér fært að fara vinstra megin. Ökuhraða bifreiðarinnar fyrir áreksturinn kveður

hún að sínum dómi hafa verið mjög lítinn, 35—40 km miðað við klst. í mesta lagi. Hún kveðst hafa ferðazt allmikið í bifreiðum og telja sig því dómbæra á ökuhraða.

Vitnið Hreinn Sævar Hjartarson skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt skipti verið farþegi í bifreiðinni R 14831 og setið í aftursæti hennar vinstra megin. Hann kveður þau hafa verið á leið norður í land frá Reykjavík. Ökumaður hafi verið Guðmundur Guðbrandsson, mágur sinn. Hann kveðst ekki hafa fylgzt með hraðamæli bifreiðarinnar, en gizka á, að ökuhraðinn hafi verið um 40 km miðað við klst. Er þau hafi verið á móts við Kalastaði á Hvalfjarðarströnd, kveðst hann hafa veitt athygli Landrover bifreið, sem komið hafi á móti þeim, sem honum virtist ekið allgreitt. Samtímis kveðst hann hafa tekið eftir ræsi í veginum og breiðu útskoti handan þess. Hafi þetta útskot verið merkt, eins og tíðkaðist áður, með metraháum staur og þverspýtu á efri enda hans. Hann kveður þau hafa átt stuttan spöl ófarinn að ræsinu, er Landrover bifreiðinni hafi verið ekið út á það, án þess að ökumaður hennar drægi nokkuð úr hraða. Hann kveður Guðmund hafa ekið vel eftir vinstri helmingi vegarins frá þeim að sjá, en Landrover bifreiðinni hafi sér virzt vera ekið eftir miðjum vegi. Þar sem Guðmundur hafði ekkert svigrúm til að stöðva bifreið sína, kveður hann árekstur hafa verið óumflýjanlegan. Hann kveður bifreið þeirra hafa snúizt á veginum við höggið, en hina bifreiðina hafa farið út af veginum og oltið þar á hliðina.

Eins og áður er fram komið, telur stefnandi ökumann bifreiðarinnar R 14831 eiga alla sök á árekstrinum, bæði vegna of mikils ökuhraða og einnig vegna þess, að hann hafi ekki vikið nægilega yfir á vinstra vegarhelming, áður en áreksturinn vildi til. En þessum mistökum beri stefndi fóbótaábyrgð á.

Stefnandi hins vegar styður dómkröfur sínar þeim rökum, að eðli málsins samkvæmt og í samræmi við 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hafi ökumaður R 15513 átt að stöðva við vegarútskotið og bíða þar þess, að R 14831 kæmist fram hjá.

Þegar athuguð eru atvik að umræddu slysi, eins og þeim er lýst í gögnum málsins, svo og aðstæður, þá er það í ljós leitt, að báðar bifreiðarnar voru rétt komnar fram hjá vegarútskoti, hvor á sínum vegjaðri, er áreksturinn átti sér stað. Þá er og í ljós leitt samkvæmt mælingu lögreglumanna, sem komu á slyssaðinn, að vegurinn var fyllilega nógu breiður, þar sem áreksturinn varð, til þess að bifreiðarnar gætu mætt. Eigi er hins vegar fyllilega upplýst um ökuhraða hvorrar bifreiðar fyrir sig, er áreksturinn

átti sér stað. Telur ekill Landrover bifreiðarinnar, Auður Sigurðardóttir, að hún hafi ekið undir 40 km hraða, og telur Friðrik Kristjánsson, eiginmaður hennar, sem var farþegi í bifreiðinni, svo einnig vera og að hraðinn hafi verið um 25 km. Ökumaður Volga bifreiðarinnar, Guðmundur Guðbrandsson, telur í lögregluskýrslu, að bifreið hans hafi verið stöðvuð, er áreksturinn varð, en er hann mætti fyrir dómi, kveðst hann hafa ekið á 30—40 km hraða, er áreksturinn varð.

Samkvæmt athugun lögreglumanna á vettvangi telja þeir ljóst, að Landrover bifreiðin hafi hrokkið aftur á bak rúman metra við áreksturinn, þar sem lakkflísar og glermulningur hafi legið sem því munaði framan við hana. Þykja þessar upplýsingar lögreglunnar frekar benda til þess, að Volga bifreiðin R 14831 hafi ekki verið stöðvuð, er áreksturinn átti sér stað. Verður það atriði að minnsta kosti að teljast ósannað.

Samkvæmt uppdrætti af slysstað á dskj. nr. 3, gerðum af Fróða Einarssyni lögregluþjóni, eru hjólför eða leið Volga bifreiðarinnar R 14831 sýnd sem næst miðjum vegi að árekstrarstaðnum. Þykir það þegar gefa til kynna, að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi ekki gætt nauðsynlegrar varkárni gagnvart bifreið þeirri, sem á móti kom, enda hefur samkvæmt mælingum lögreglunnar verið um það bil 1.40 metrar út á vegarbrún vinstra megin við Volga bifreiðina miðað við akstursstefnu hennar, svo að hún hefði auðveldlega getað vikið miklu utar á vegarkantinn en hún hefur gert.

Hins vegar þykir ekill bifreiðarinnar R 15513 eigi heldur hafa gætt fullrar varkárni með því að nema ekki staðar á vegarútskoti, sem hún var rétt komin fram hjá, er áreksturinn vildi til, eða þá að stöðva bifreið sína, er hún sá, að bifreiðin, sem á móti kom, vék ekki nægilega.

Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að skipta sök milli aðilja þannig, að stefndi beri $\frac{2}{3}$ hluta sakar, en stefnandi sjálfur $\frac{1}{3}$ hluta.

Skulu nú hinir einstöku kröfuliðir athugaðir nánar.

Um I. lið. Þessum lið er mótmælt sem of háum. Frá þessum lið ber að draga kr. 7.000.00, sem er andvirði framdrifsloka og farangursgrindar, en því er ómótmælt, að stefnandi hafi haldið þessum hlutum eftir við sölu bíls síns eftir slysið. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 35.000.00.

Um II. lið. Reikningur frá Vöku. Þessum lið hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um III. lið. Afnotamissir bifreiðar. Þessum lið er mótmælt

sem örökstuddum og of háum. Hins vegar lítur dómurinn svo á, að þessum kröfulið sé mjög í hóf stillt, og þykir því mega taka hann að fullu til greina.

Um IV. lið. Þjáningar og lýti eiginkonu stefnanda. Þessum kröfulið hefur verið mótmælt sem örökstuddum og of háum. Þegar athugað er áverkavottorð Auðar Sigurðardóttur frá Slysavarðstofu Reykjavíkur á dskj. nr. 12, verður ekki af því ráðið, að um þjáningar, svo að verulegu nemi, eða varanleg lýti hafi verið að ræða. Þykir því hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 5.000.00.

Um V. lið. Þjáningar og lýti stefnanda. Þessum kröfulið hefur verið mótmælt sem örökstuddum og of háum.

Áverkum stefnanda eftir slysið er lýst á vottorði Slysavarðstofu Reykjavíkur á dskj. nr. 11. Með tilvísan til þess þykir hæfilegt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 3.000.00.

Um VI. lið. Hér er um að ræða reikning fyrir áverkavottorð, og hefur honum ekki verið mótmælt tölulega. Þykir rétt að taka afstöðu til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framanrituðu verður því tjón stefnanda samtals kr. 48.810.00 (kr. 35.000.00 + 1.610.00 + 4.200.00 + 5.000.00 + 3.000.00).

Frá þessari upphæð ber að draga hlut stefnanda sjálfs í sökinni, þ. e. $\frac{1}{3}$ hluta, eða kr. 16.270.00.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 32.540.00 ásamt vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 15. júlí 1964 til 1. janúar 1966, en 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari hefur kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Sigurgesi Guðjónssyni og Valdimar Leonhardssyni bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Erlendur Guðmundsson, greiði stefnanda, Friðriki Kristjánssyni, kr. 32.540.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júlí 1964 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.